



Knút ásamt starfsfólki sínu hjá Safari Transport



Aðsetur Safari Transport í Þórshöfn

## Flutningsmiðlun og hestar eru hans ástríða

Safari Transport er átta manna fyrirtæki og er fyrst og fremst flutningsmiðlun sem sérhæfir sig í flugflutningum og innflutningi til Færeyja. Félagið hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun en Samskip eignuðust 50% hlut í félaginu fyrir nokkrum árum.

Knút Lützen er rúmlega fertugur Þórshafnarbúi, stofnandi og eigandi Safari Transport í Þórshöfn (Færeyjum). Hann stofnaði Safari Transport árið 1995 eftir að hafa unnið í 6 ár við flugflutninga og kynnst greininni vel.

Safari Transport er átta manna fyrirtæki og er fyrst og fremst flutningsmiðlun sem sérhæfir sig í flugflutningum og innflutningi til Færeyja. 80% innflutnings kemur frá Danmörku en afgangurinn frá hinum Norðurlöndunum auk Bretlands og Þýskalands.

Félagið hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun en Samskip eignuðust 50% hlut í félaginu fyrir nokkrum árum.




Knút Lützen á skrifstofu sinni í Færeyjum

### Hörð samkeppni

Fyrirtækið er þekkt fyrir áreiðanleika, traust og frábæra þjónustu, en einnig samkeppnishæft verð. Í Færeyjum búa 48 þúsund manns og þar af 20 þúsund í Þórshöfn. Samkeppni í flutningum er hörð og segir Knút að "fimm fyrirtæki keppi á þessum litla markaði sem gefi auga leið að það verði að vera vakandi og sofandi yfir starfseminni til að ná góðum árangri. Ég er

yfirleitt fyrstur á skrifstofuna á morgnana og síðastur heim á kvöldin".



Skrifstofa Safari Transport í Þórshöfn

### Taka þátt í sköpun útflutningsverðmæta

98% af útflutningi Færeyinga er fiskur sem fyrst og fremst er fluttur út í gámum. Sem dæmi má nefna að útflutningur á eldislaxi hefur gengið afar vel að undanförunum, þrátt fyrir að verð sé í lægri kantinum. Safari Transport sér gjarnan um að koma prufusendingum til væntanlegra kaupenda og eru þær fluttar með flugi. Pakkað er í viðeigandi umbúðir og séð um alla tilheyrandi pappíra en sendingin getur farið hvert sem er í heiminum, til Ástralíu, Argentínu eða Írlands. Með þessu móti má segja að Safari Transport hjálpi söluaðilum í Færeyjum að ná í viðskipti. "Að öðru leyti er útflutningur hverfandi hluti af okkar viðskiptum" segir Knút, við erum fyrst og fremst í innflutningi til Færeyja"

### Kreppan minni í Færeyjum

"Við finnum fyrir kreppunni í Færeyjum eins og þið hér á Íslandi en í minna mæli. Það er 20 – 30% samdráttur í innflutningi þegar á heildina er litið en þar vegur þungast minni innflutningur á bílum og byggingavörum. Atvinnuleysi er meira en við höfum séð en bótastjóðir eru stórir og sterkir og má segja að við

Færeyingar séum betur í stakk búnir en margir til að takast á við erfiðleika í atvinnu – og efnahagslífi þar sem við eigum varasjóði og sterka banka. Byrjað er að nýju að lána til húsnæðiskaupa og bygginga og hefur það nú þegar haft jákvæð áhrif".

### Fjölskyldan og íslenski hesturinn

Knút er giftur og á fjögur börn. Auk þess að vera mikill fjölskyldumaður er hann áhugamaður um íslenska hestinn. Hann á íslenska hesta í Færeyjum, Danmörku og á Íslandi og notar mikið af frítíma sínum til að sinna hestunum sínum. "Íslenski hesturinn er einstakur. Ég hef prufað aðra hesta en enginn tegund er með eins gott lundarfar og sá íslenski auk þess sem gangteguindir eru einstakar. Ég var svo heppin að geta unnið á íslenskum hestabúgarði í tvo og hálfan mánuð fyrir nokkrum árum. Það var einstaklega gefandi og góð tilbreyting frá hinum daglega amstri. Engir farsímar, engar áhyggjur af tilboðum, bara líkamleg áreynsla og frábærar samvistir við hestinn. Eins og vinnan er gefandi þá er gott að eiga góða fjölskyldu og áhugamál til að hreinsa hugann og hvíla sig" segir Knút Lützen forstjóri Safari Transport að lokum.